



SKRIFSTOFUSKÓLINN DAGNÁM OG KVÖLDNÁM

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna almenn skrifstofustörf eða þeim sem hafa hug á því að skipta um starfsvettvang. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

.....
Lengd: 150 klst.

.....
Dagnám: Alla virka daga frá kl. 9:00-12:00.

Hefst 22. september 2014 og lýkur í desember 2014

.....
Kvöldnám: Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 16:30-19:30.

Hefst hefst 23. september 2014 og lýkur í maí 2015.

.....
Verð: 46.000 kr.

SÖLU-, MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM

Hagnýtt og hnitmiðað nám sem hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við viðskipta-, sölu- og markaðsmál og einnig þeim sem vilja stofna eigin rekstur. Eftir námið hefur nemandi öðlast nægjanlega innsýn og færni í viðskipta- markaðs- og sölumálum til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Frábært nám fyrir alla sem starfa og hafa áhuga á að vinna við sölumennsku eða eru með eigin rekstur. Öll fög í náminu eru kennd frá grunni.

.....
Lengd: 273 klst. **Hvenær:** Kennt er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00-21:00. Námið hefst 22. september og lýkur í apríl 2015.

.....
Verð: Námið er niðurgreitt fyrir þátttakendur sem ekki hafa lokið framhaldsskólamenntun (Stúdentspróf eða hliðstætt) og kostar þá námið 78.000 kr.